

## Árshátíð Glerárskóla 2017 Allir velkomnir

Miðvikudaginn 5. apríl eru tvær árshátíðarsýningar í Glerárskóla.

Kennsla er til kl. 13:15. **Sýningar verða kl. 17:00 og kl. 19:30.** Hvor sýning tekur u.þ.b. eina og hálf klukkustund. Verð á sýningar er **kr. 500** fyrir börn á grunnskólaaldri, **kr. 800** fyrir fullorðna, frítt er fyrir börn undir skólaaldri. Við mælum ekki með því að foreldrar taki ungabörn með sér á sýningarnar.

Árshátíðaratriði 2017:

- 1. bekkur: Söngur
- 3. bekkur: Dans
- 5. bekkur: Dansleikur í Brekkubobba
- 7. b. IKG: Glerárskóli got talent
- 7. b. KJ: Í skólastofunni
- 9. bekkur: Buggy Malone

**Kaffihús** nemenda í 10. bekk og foreldra þeirra verður starfrækt á milli sýninga eða **kl. 18:30 -19:30** á neðri hæð skólahússins, í matsal. Þar verða til sölu drykkir og brauð af hlaðborði. **Kaffi og meðlæti er á kr. 1000, en kr. 500 fyrir 6 ára og yngri.** Hagnaður kaffihússins fer allur í ferðasjóð 10. bekkjar.

Fimmtudaginn 6. apríl er ein árshátíðarsýning og Árshátíðarball Glerárskóla.

Kennsla er til kl. 13:15. **Sýning er kl. 15:30.** Verð á sýningu er **kr. 500** fyrir börn á grunnskólaaldri, **kr. 800** fyrir fullorðna og frítt er fyrir börn undir skólaaldri.

**Kaffihús** nemenda í 10. bekk og foreldra þeirra verður starfrækt kl. 17:00 – 19:00 á neðri hæð skólahússins, í matsal. Þar verða til sölu drykkir og brauð af hlaðborði. **Kaffi og meðlæti er á kr. 1000, en kr. 500 fyrir 6 ára og yngri.** Hagnaður kaffihússins fer allur í ferðasjóð 10. bekkjar.

Árshátíðarball fyrir nemendur í 1.- 4. bekk hefst kl. 17:45 í íþróttahúsi og stendur til kl.19:00. Ókeypis er á ballið. Bland í poka kostar 250 kr. og Svali kr. 100. Foreldrar athugið að **kaffihúsið** er opið á þessum tíma.

Árshátíðarball fyrir nemendur í 5. – 10. bekk hefst kl. 20:00. Því lýkur hjá 5.- 6. bekk kl. 21:30, 7. bekk kl. 22:00 og hjá 8. - 10. bekk kl. 23:30. Verð fyrir 5. – 7. bekk er kr. 700 en kr. 1500 fyrir 8.- 10. bekk.

Nemendur í 5. bekk mega velja á hvort ballið þeir fara. **Munið snyrtilegan klæðnað !**

*Allur ágóði sýninga og árshátíðar fer í að greiða niður skólaferðalög og vettvangsferðir nemenda.*

**Við viljum benda forráðamönnum á að meðan á sýningu stendur er óæskilegt að vera með ráp inn og út út íþróttasal. Sýnum nemendum virðingu og fylgjumst með sýningunni af áhuga ☺**

Föstudaginn 7. apríl er skóladagur í Glerárskóla.

Kennsla hefst kl.10:00 og er samkvæmt stundarskrá eftir það. Að skóla loknum á föstudeginum hefst páskafrí nemenda.

**Kennsla hefst að loknu páskafrí þriðjudaginn 18. apríl 2017 samkvæmt stundarskrá.**